




Fréttatilkynning 30. nóvember 2023


## Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar - september 2023

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar-september 2023 var afgreiddur í borgarráði í dag, fimmtudaginn 30. nóvember. Hér eru raktar meginniðurstöður árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A-hluta.

### A – og B – hluti:




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 2,9 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 9,9 ma.kr. afgangi. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 35,3 ma.kr.






Helstu frávik frá áætlun voru í fjármagnslið sem var 8,8 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærri verðbólgu og hærri vaxta. Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða var jákvæð um 4,0 m.kr. sem var 1,8 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en hægt hefur á hækkun fasteignaverðs sem einkennt hefur síðastliðin 2 ár. Skatttekjur og jöfnunarsjóðstekjur voru 4,3 ma.kr. yfir áætlun sem að skýrast að mestu leyti af herra útsvari vegna launahækkana og aukins vinnumagns.




Hreinar skuldir jukust um 25,5 ma.kr. frá áramótum sem einkum má rekja til nýrra lána umfram afborganir og meiri verðbólgu. Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 30. nóvember 2023 námu samtals 900,3 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 481,9 ma.kr. Eigið fé nam 418,3 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 16,0 ma.kr. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta dróst saman frá áramótum til september loka úr 48,7% í 46,6%.



Veltufé frá rekstri hjá A- og B-hluta nam 23,7 ma.kr. eða 12,9% af tekjum en áætlun gerði ráð fyrir 28,6 ma.kr. eða 15,7%. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 38,7 ma.kr. og greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 3,0 ma.kr. Lántaka og ný




stofnframlög námu 34,4 ma.kr. á tímabilinu, nýjar leiguskuldir námu 251 m.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 22,2 ma.kr. Handbært fé í lok júní var 31 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 12,9% á tímabilinu og hækkaði um 2,3%-stig borið saman við sama tímabil í fyrra og brúttó fjárfesting var 21,7% í hlutfalli af tekjum og lækkuðu um 1,5%-stig miðað við sama tímabil 2022.


## A – hluti:




Rekstrarniðurstaða A-hluta á fyrri hluta ársins 2023 var neikvæð um 1,4 ma.kr. Rekstrarniðurstaða án halla af málefnum fatlaðs fólks var jákvæð um 5,8 ma.kr. en hallinn af




málaflokknum nam 7,2 ma.kr. á tímabilinu. Samanlagður halli af málaflokki fatlaðs fólks á árunum 2011-2023\_09 nemur 42,8 ma.kr.




Afkoma A-hluta var 1,4 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 4,7 ma.kr. yfir áætlun, einkum skatttekjur sem voru 4,2 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 174 m.kr. yfir áætlun. Rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 6,6 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 2,8 ma.kr. yfir fjárheimildum en rekstur leikskóla, stuðningur við börn af erlendum uppruna og hátt veikindahlutfall bæði hjá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði, sem og orlofstaka starfsfólks á velferðarsviði á uppsöfnuðu orlofi hafa kallað á aukna mönnun. Annar rekstrarkostnaður var 2,2 ma.kr. yfir fjárheimildum en kostnaður vegna verðlagshækkana m.a. í mótuneytum skóla, aukin fjöldi barna í einkareknum skólum og í skólum nágrannasveitarfélaga, snjópungur vetur og vistgreiðslur vegna barna með þroska- og geðraskanir voru helstu ástæður frávíka.




Nettó fjármagnsgjöld voru neikvæð um 1,8 ma.kr. og voru 243 m.kr. yfir áætlun. Mestu frávikin voru í vaxta- og verðbóttagjöldum sem voru 1,5 ma.kr. yfir áætlun en verðbólga tímabilsins var 6,25% á meðan áætlun gerði ráð fyrir 4,2%. Arðgreiðslur námu 6,4 ma.kr. voru 1,6 ma.kr. yfir áætlun.



Frá áramótum til loka júní 2023 jukust hreinar skuldir og skuldbindingar um 13 ma.kr. Aukningu í hreinum skuldum má helst rekja til lántöku umfram afborganir og verðbóta af lánum A-hluta. Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 30. nóvember 2023 námu samtals 279,3 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 198,2 ma.kr. Eigið fé nam 81,2 ma.kr. og eiginfjárhlutfall nam 29,1%.



Veltufé frá rekstri var jákvætt um 8,0 ma.kr. Heildarfjárfestingar námu 18,4 ma.kr., söluverð seldra rekstrarfjármuna nam 1,0 ma.kr. Samanlögð gatnagerðargjöld og tekjur af byggingarétti námu 3,0 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 18,8 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 2,9 ma.kr. og nýjar leiguskuldir námu 168 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 4,3 ma.kr. Handbært fé í lok júní nam tæpum 21,2 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 6,2% á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir 6,6%. Töluverður viðsnúningur er nú á veltufé frá rekstri samanborið við síðustu tvö ár en það var jákvætt á tímabilinu um 8,9 ma.kr. en var neikvætt um 972 m.kr. fyrir ári síðan.

Staða fjárhagslegra markmiða og mælikvarða samkvæmt fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 er eftirfarandi:

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023_03	2023_06	2023_09	2023
1	Rekstramiðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -3.974	✘ -921	✘ -1.414	✘ -5.991
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 83%	✘ 81%	⚠ 81%	✘ 86%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ -1,6%	✔ 7,8%	✘ 6,2%	✘ 2,2%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ -0,4	✔ 1,6	✔ 1,3	✘ 0,4
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	-		⚠ 83%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	-		✔ 85%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	✔ 13.587	✔ 19.986	✔ 21.234	✔ 10.950

\* Eingungis reiknað og birt á ársgrundvelli

-----

Þensla í hagkerfinu og viðvarandi verðbólga hefur það sem af er ári sett mark sitt á rekstur borgarinnar. Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti síðast þann 23. ágúst síðastliðinn, en hefur á síðustu tveimur vaxtaákvörðunardögum haldið stýrivöxtum óbreyttum í 9,25%. Verðbólga er áfram mikil og virðist ætla að verða þrálátari en áður var spáð að mati Seðlabanka Íslands, en óvissa hefur aukist sökum jarðhræringa. Hægst hefur á fjölgun starfandi, en atvinnuleysi er áfram lítið. Há verðbólga hefur áhrif á fjármagnslið í rekstri, en á móti kemur þá felur þenslan í hagkerfinu í sér hátt atvinnustig, sem skilar hærri útsvarstekjum en áætlað var.

Reykjavíkurborg fylgir samþykktri fjármálastefnu 2023-2027, en hún var undirbúin sl. haust með hliðsjón af fjárhagslega erfiðri stöðu og ytra efnahagslegu umhverfi borgarinnar. Í



stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma, en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn er á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.

Frávik í rekstri B-hluta fyrirtækja skýrast einkum af hærri verðbólgu en áætlað var, en lækkun álverðs frá janúar til júnímánaðar hefur að stærstum hluta gengið til baka og nam 1,3% frá janúar til loka september í stað 9,5% við lok júnímánaðar. Þá hefur fasteignaverð farið að stíga aftur og nam hækkun íbúðaverðs í fjölbýli frá janúar til loka september 2,9%.

Samþykkt hafa verið lög frá Alþingi sem miða að því að gera sveitarfélögunum kleift að takast á við vanda kórónaveirunnar til skemmri og millilangs tíma með tilslökun í fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fram til ársins 2025, sbr. lög nr. 22/2021.

Reykjavík, 30. nóvember 2023.

Nánari upplýsingar veitir  
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs  
[halldora.karadottir@reykjavik.is](mailto:halldora.karadottir@reykjavik.is)